

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 11. október 1999, kl. 17:15 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins, 3. hæð, Garðatorgi 7, Garðabæ.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra og Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra.
Sigrún Ingólfssdóttir boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 18. fundar heilbrigðisnefndar.

Fundargerðin samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2000 og gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit.

2.1 Fjárhagsáætlun vegna heilbrigðiseftirlits og eftirlits með hundahaldi.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun vegna heilbrigðiseftirlits og eftirlits með hundahaldi fyrir árið 2000 ásamt minnisblöðum um starfsmannahald, aksturkostnað og nefndarlaun.

Heilbrigðisnefnd leggur til við sveitarstjórnirnar að nefndarlaun verði hluti af rekstrarkostnaði heilbrigðiseftirlitsins. Einnig er gerð tillaga um að nefndin verði á föstum mánaðarlaunum sem nemur greiðslum fyrir tvo fundi í mánuði samkvæmt nefndalaunakerfi Kópavogsbæjar og greiðslu aksturkostnaðar 60 km á mánuði.

Heilbrigðisnefnd samþykkti framlagða fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti og vísar henni til afgreiðslu sveitarstjórnanna.

2.2 Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi. Tillögunni fylgdi greining á kostnaðarliðum samkvæmt “Leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra”, eftirlitsáætlun 2000-2003 og samanburður við gildandi gjaldskrá.

Breyting frá gildandi gjaldskrá fellst í að tímagjald verði kr. 4.600,-. Gjald vegna rannsókna pr. sýni skv. eftirlitáætlun verði kr. 3.900,- aukin sveigjanleiki fyrir heilbrigðisnefnd að breyta efirlitsáætlun, starfsleyfisgjald fyrir nýja starfsemi verði 1,5 tímagjald, gjalddagi verði 1. mars og eindagi 1. apríl.

Heilbrigðisnefnd mælir með því við sveitastjórnirnar að gildandi gjaldskrá með ofangreindum breytingum verði samþykkt.

3. Önnur mál.

- a) Rætt var allmennt um samskipti heilbrigðisnefndar við yfirstjórn sveitarfélaganna, kynningu á starfi nefndarinnar og samstarfi við heilbrigðisnefndir á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:35.

Árni Sverrisson

Sigurlaug Sigurðardóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson

Sigfríður Ingvarsdóttir